

# INNKAUPASTEFNA OG BIRGJAMAT



## TILGANGUR OG MARKMIÐ

Brim hefur sett sér innkaupastefnu með það að markmiði að skapa traust og áreiðanlegt umhverfi við innkaup félagsins. Innkaupastefnan nær til allra starfsstöðva félagsins. Brim leggur áherslu á að framkvæmd innkaupa stuðli að og efla samkeppni á markaði. Með innkaupastefnunni eru sett skilgreind mælanleg markmið fyrir félagið í heild.

Mikilvægt er að stjórnendur séu meðvitaðir um kostnað einstakra innkaupa í rekstrinum. Framkvæmd innkaupa fylgir ábyrgð þar sem verið er að ráðstafa fjármunum félagsins og hvílir því rík skylda um meðferð fjármuna á þeim sem bera ábyrgð á og framkvæma innkaupin.

## ÁBYRG INNKAUP

Brim hefur þá stefnu að skoða kosti þess að nýta þá þjónustu sem í boði er á starfsstöðvum félagsins á landsbyggðinni og styður þannig við nærsamfélag sitt. Þetta skiptir félagið og starfsfólk þess miklu máli. Innkaupastefnan er skýr þegar kemur að vali á birgjum og þjónustuaðilum. Brim setur sér skýr mælanleg markmið og gerir þær kröfur að gæði, þjónusta og samkeppnishæft verð, ásamt samkeppnissjónarmiðum, séu ætíð í hávegum höfð. Fari þessir fjórir þættir saman skilar þeir sér í hagkvæmasta verðinu hverju sinni. Með þessum hætti virðum við birgja félagsins og metum að verðleikum hlutverk þeirra í virðiskeðjunni.

Í innkaupasamningum félagsins er komið inn á ábyrg samskipti og góða viðskiptahætti sem hluta af samfélagslegri ábyrgð. Þeir birgjar sem félagið velur til samstarfs skuldbinda sig til að starfa af heilindum og ábyrgjast að þær vörur sem þeir selja og sú þjónusta sem þeir inna af hendi standist ákvæði almennra laga og reglna sem um hana gildir. Þessir birgjar skulu virða félagafrelsi og viðurkenna rétt mann til kjarasamninga. Í samningum sem gerðir eru staðfestir birginn að hann virði alþjóðleg mannréttindi og skuldbindi sig til að fara eftir öllum lögum og reglum sem gilda um hans atvinnurekstur, hérlendis og erlendis. Félögin ábyrgjast að gerast ekki meðsek um mannréttindabrot, vinna gegn hvers kyns spillingu og standa gegn allri þrælunar- nauðungar- og barnavinnu. Brot á ákvæðum þessum getur leitt til fyrirvaralausra uppsagna á samningi.

Árlegt birgjamat fer fram hjá félaginu til að fylgja eftir áherslum félagsins við innkaup og mat á áreiðanleika birgja og þjónustuaðila, vegna ytri úttektar. Ár hvert greina starfsmenn Brims hátt í 100 af stærstu birgjum félagsins. Aðilarnir eru ABC greindir eftir mikilvægi þar sem velta viðkomandi og rekstraröryggi vega þungt, þ.e. hversu mikilvægir eru þeir fyrir rekstur Brims. Síðan eru liðir kannaðir eins og skráðar „kvartanir“, hvort stofnast hafa „fjárkröfur“ á viðkomandi og loks hvort reglulegir „fundir“ hafa átt sér stað yfir árið. Í framhaldi af þessu fær birginn mat innkaupamanns, þ.e. „góður birgi“, „birgi í lagi“ eða „birgja fylgja vandamál“. Hér getur komið upp sú staða að Brim þurfi að slíta viðskiptum eða bjóði viðkomandi að grípa til úrbóta.

## UMHVERFISÁHRIF BIRGJA

Liður í verkefni Brims síðustu ára, „Hrein virðisikeða sjávarútvegs“, er söfnun upplýsinga um umhverfisáhrif þeirrar þjónustu og varnings sem Brim verslar af birgjum sínum. Slík upplýsingasöfnun gefur Brimi færi á því að byggja upp þekkingu á losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum rekstrareiningum félagsins og allri virðisikeðu þess. Þannig getur félagið tekið upplýsta ákvörðun um að eiga viðskipti við þá birgja sem valda minnstum umhverfisáhrifum og þar með dregið á markvissan hátt úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi félagsins.



Árið 2016 byrjaði Brim að setja inn ákvæði í stærstu innkaupasamninga félagsins varðandi umhverfismál. Ákvæðið er svohljóðandi:

*Brim er aðili að loftslagsyfirlýsingu Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, og Reykjavíkurborgar sem undirrituð var af 104 fyrirtækjum í Höfða árið 2015. Með þeirri yfirlýsingu hefur félagið skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum. Hluti af því er m.a. að kortleggja áhrif þjónustuaðila og starfsemi þeirra á rekstur Brims sem mun endurspeglast í umhverfisuppgjöri sem félagið sendir frá sér árlega. Til að styðja við þessi markmið munu þjónustuaðilar skuldbinda sig, í byrjun hvers árs eða með reglubundnum hætti, til að upplýsa um umhverfisáhrif þeirra á rekstur Brim fyrir líðandi ár.*

*Brim og samningsaðili skulu í upphafi samnings kortleggja umfang viðskipta og umhverfisáhrifa á rekstur kaupanda á samningstímanum, í því sambandi að finna hvar hægt sé að draga úr kolefnisfótspori viðskiptanna.*

Samþykkt af stjórn Brims hf. 17. desember 2020.